

Efni: Umsögn þeirra stjórnarmanna Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins sem koma úr einkageiranum um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022, mál nr. 402 á 146. löggjafarþingi.

Eftirfarandi stjórnarmenn Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins sem vinna að hagsmunamálum aðila í ferðaþjónustu og samræmingu í þessari starfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

Við mótmælum harðlega fyrirhugaðri hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sem mun ef af verður stöðva frekari uppbyggingu afþreyingar fyrir ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að slík hækkun mun valda samþjöppun í greininni þar sem minni fyrirtæki munu leggja upp laupana og sameinast stærri aðilum.

Slík samþjöppun í stærri og færri fyrirtæki bitnar mest á grasrótinni, vaxtarsprotum ferðaþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Á síðustu sex mánuðum hafa allir sem gera út á afþreyingu fundið fyrir breyttri kauphegðun ferðamanna vegna styrkingar krónunnar og hækkandi verðs í ISK vegna launahækkana. Erlendir ferðamenn kaupa nú þegar færri og ódýrari ferðir og yfir línuna minni afþreyingu. Þeir borða sjaldnar á veitingastöðum, velja ódýrari rétti o.s.frv.

Í hröðum uppgangi ferðaþjónustunnar s.l. ár hafa orðið til mörg lítil fyrirtæki sem munu líklega ekki lifa af þá miklu samkeppni sem verður um þá gesti sem þó munu leyfa sér að kaupa afþreyingu.

Það er mikilvægt að löggjafinn geri sér fulla grein fyrir því að áhrif hækkunar virðisaukaskatts á ferðaþjónustu eru ekki aðeins fækkun ferðamanna, eins og greinargerð fjármálaáætluninni gefur sterklega til kynna að sé skoðun ríkisvaldsins.

Afleiðingar verða ekki síður breytt hegðun þeirra ferðamanna sem hingað munu koma, samdráttur í kaupum á þjónustu, færri gistinætur á hvern ferðamann og þar með færri og styttri ferðir um landið. Eins og rakið er hér að ofan eru þessi áhrif nú þegar komin fram vegna annarra hækkunarþátta sem orðið hafa að undanförmu.

Við skorum á Alþingi að samþykkja ekki þá hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sem liggur fyrir í fjármálaáætlun 2018-2022, enda muni slík hækkun hafa mjög alvarlegar afleiðingar á framboð, gæði og möguleika til fjárfestinga og uppbyggingar í ferðaþjónustu á Íslandi og að auki ekki skila þeim ábata sem gert er ráð fyrir í áætluninni.

Undir þetta ritar sá hluti stjórnar Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins sem kemur úr einkageiranum.

Rannveig Grétarsdóttir, Elding Hvalaskoðun Reykjavík formaður

Guðrún Þórisdóttir Grayline varaformaður

Þórarinn Þór Reykjavík Excursions

Robyn Michell Hybrid Hospilality

Inga Guðmundsdóttir, Mountaineers of iceland